



Hafnarfjarðarkaupstaður
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Minjastofnun
Íslands

Reykjavík, 10. október 2013
Tilvísun: 0158

Erindi: Bæjarbíó, Strandgötu 6, Hafnarfirði – undirbúningur friðlýsingar

Minjastofnun Íslands hefur ákveðið að hefja undirbúning tillögu til ráðherra að friðlýsingu Bæjarbíós, Strandgötu 6 í Hafnarfirði (fastanr. 207-9433). Tillagan var lögð fyrir fund húsafriðunarnefndar 23. ágúst 2013 sem styður friðlýsingartillögunna.

Samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 má friðlýsa þau hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.


Lagt er til að friðlýsingin taki til innréttinga í anddyri, forsal og bíosal í Strandgötu 6, Hafnarfirði.


Í samræmi við 19. gr. fyrrnefndra laga leggur Minjastofnun Íslands meðfylgjandi drög að friðlýsingarskilmálum fyrir landeigendur, húseigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Í skilmálunum kemur fram rökstuðningur Minjastofnunar Íslands með friðlýsingartillögunni.

Með vísan til 13. gr. stjórnáskilslaga nr. 37/1993, er yður hér með gefinn kostur á að koma á framfæri formlegum og efnislegum athugasemdum við friðlýsingartillögunna og hjálögð drög að friðlýsingarskilmálum. Minjastofnun Íslands væntir svars yðar eigi síðar en föstudaginn 15. nóvember n.k. Hafi athugasemdir ekki borist fyrir þann tíma lítur Minjastofnun Íslands svo á að þér hafið ekki athugasemdir fram að færa við tillögu að friðlýsingu hússins.

Virðingarfyllst,
f. h. Minjastofnunar Íslands


Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður


Pétur H. Ármannsson
arkitekt

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	15.10.2013
Málsnr:	131 02 69
Bréfal:	266

Samrit:
Kvikmyndasafn Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið